

Nefndarsvið Alþingis  
B.t. Kristjana Benediktsdóttir  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 9. mars 2012

**Efni: Umsögn FA um frumvarp um breytingu á lögum um meðferð einkamála, 320. mál**

## I. ALMENNT

Vísað er til erindis efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis dagsett 5. mars 2012 þar sem óskað er umsagnar Félags atvinnurekenda (FA) um frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð einkamála (320. mál).

Félag atvinnurekenda leggur til að frumvarpið nái fram að ganga og þannig verði flýtimeðferð mála vegna gengistrygginga heimiluð tímabundið. Meginröksemdin fyrir því er að lántakar – jafnt einstaklingar sem fyrirtæki – hafa búið við óviðunandi óvissuástand um stöðu gengistryggðra lána frá fyrstu dónum um ólögmæti þeirra fyrir hartnær tveimur árum síðan. Flýtimeðferð mála er eitt af þeim skrefum sem verður að stíga til að lagfæra það ástand eins fljótt og auðið er.

## II. ATHUGASEMDIR UM EFNI TILLÖGUNNAR

Þann 22. júní árið 2010 sendi Félag atvinnurekenda frá sér fréttatilkynningu vegna dóma sem þá höfðu fallið um gengistryggð lán. Því miður á hún nánast jafn vel við í dag og þá. Yfirskriftin var: „*Gengistrygging ólögmæt: dómstólar eiga að ráða - en flýta þarf meðferð máala*“. Þar sagði m.a.:

*„Félag atvinnurekenda er sammála því að álitaefni tengd gengistryggingu þurfi að fara fyrir dómstóla, enda um mikla hagsmuni að ræða fyrir fjármálastofnanir, heimili og fyrirtæki. Það getur eitt og sér getur hins vegar ekki réttlætt bið og aðgerðarleysi. Það er mikilvægt að stjórnvöld hlutist til um að hraða umræddu ferli eins og kostur er. Að sama skapi þurfa fjármálastofnanir að gæta þess að ganga ekki á rétt lántaka á grundvelli umdeilda heimilda.“*

Í umræddri tilkynningu lagði FA til að ríkisstjórn myndi strax skipa sérfræðinganefnd sem færí yfir málefni tengd gengistryggjum lánum og legði fram lista af helstu álitaefnum sem nauðsynlegt væri að fá úrskurð dómstóla um, sem myndi auðvelda aðilum að vera álitaefni undir dóm. Einnig lagði FA til að sett yrðu lög eða önnur réttarfarsúrræði sköpuð til að dómstólar gætu forgangsraðað þannig að öll mál tengd gengistryggingu yrðu tekin fyrir eins fljótt og auðið væri. Þessar tillögur eru ítrekaðar hér.


Tilkynningin fylgir með í viðhengi við umsögn þessa. Ljóst er að dýrmætur tími hefur farið í súginn með tilheyrandí verðmætasóun og óvissu um réttarstöðu aðila frá því fyrstu dómar um gengistryggingu gengu. Flýtimeðferð mála sem tengjast gengistryggingu getur aflétt þeirri óvissu að hluta. Það er enn fremur sérstaklega mikilvægt að fjármálastofnanir sýni að þær telji sig hafa hvata til þess að klára mál hratt fyrir dómi. Það er umhugsunarefni að almennt hafa fjármálfyrirtæki innheimt á grundvelli þess sem þau telja að lántaki skuldi, án þess að taka nægilegt tillit til fordæmisgildi fyrirliggjandi dóma. FA bendir enn og aftur á að sterkar forsendur eru til þess að lántakendur eigi að njóta vafans á meðan óvissuástand varir.

### III. ÖNNUR ATRIÐI

Að lokum áskilur Félag atvinnurekenda sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum.

Félagið lýsir sig jafnframt reiðubúið til að funda um efnið sé þess óskað.

Virðingarfyllst,



Almar Guðmundsson  
Framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda

Reykjavík, 22. júní 2010

FRÉTTATILKYNNING

## Gengistrygging ólögmæt: dómstólar eiga að ráða - en flýta þarf meðferð mála

Nú eru næstum 2 ár liðin frá hruni. Sá tími hefur einkennst af bið eftir úrlausn Icesave annars vegar og bið eftir því hvernig bankarnir ætla að taka á lánamálum heimila og fyrirtækja. Bið og óvissa í 2 ár hafa verið okkur dýr.

Í haust verða kjarasamningar lausir við óvenjumiklar óvissuaðstæður. Fyrirtæki – sérstaklega þau sem fá tekjur sínar af innlendum markaði – hafa ekkert svigrúm til að hækka laun enda hafa þau verið að hagræða og segja upp fólk. Launþegar hafa þurft að þola kaupmáttarrýrnun ofan í aukið atvinnuleysi. Stöðugleiki á vinnumarkaði er gríðarlega mikilvægur og því brýnt að eyða eins mörgum óvissuþáttum og frekast er unnt.

Með dóum Hæstaréttar um ólögmæti gengistryggings hefur skapast áframhaldandi óvissa. Hún gæti varað vel inn á næsta ár og þar með sett kjarasamninga í uppnám. Getur það gengið að helstu hagsmunaaðilar, ríkisstjórn og dómstólar sætti sig við að svo verði? Er ekki brýnt að róa að því öllum árum að stytta tímabil óvissu eins mikið og hægt er?

Ríkisstjórn og bankar segja nú – réttilega – að dómstólar þurfi að úrskurða um þau mörgu álitaefni sem enn er ósvarað í kringum ólögmæti gengistryggings.

Félag atvinnurekenda er sammála því að álitaefni tengd gengistryggingu þurfi að fara fyrir dómstóla, enda um mikla hagsmuni að ræða fyrir fjármálastofnanir, heimili og fyrirtækji. Það getur eitt og sér getur hins vegar ekki réttlætt bið og aðgerðarleysi. Það er mikilvægt að stjórnvöld hlutist til um að hraða umræddu ferli eins og kostur er. Að sama skapi þurfa fjármálastofnanir að gæta þess að ganga ekki á rétt lántaka á grundvelli umdeilda heimilda.

Félag atvinnurekenda leggur því til:

1. Ríkisstjórn skipi strax sérfræðinganefnd sem fari yfir málefni tengd gengistryggðum lánum og leggi fram lista af helstu álitaefnum sem nauðsynlegt er að fá úrskurð dómstóla um. Þessari vinnu ljúki fyrir mánudaginn 28. júní.
2. Ríkisstjórn setji lög eða skapi önnur réttarfarsúrræði til að dómstólar geti forgangsraðað þannig að öll mál tengd gengistryggingu verði tekin fyrir eins fljótt og auðið er. Dómarar verði eftir atvikum kallaðir úr réttarhléi eða þau stytt.
3. Hagsmunaðilar – jafnt lántakendur sem lánveitendur – láti reyna á álitaefni fyrir dómstólum. Meðferð þessara mála verði flýtt eins og kostur er en án þess þó að skaða eðlilegan málatilbúnað.
4. Í stað ofangreinds má hugsa sér að stærri hagsmunaðilar sameinist um að skipa gerðardóm um mál sem tengast gengistryggingu.

Almar Guðmundsson, framkvæmdastjóri FA:

„Við höfum reynslu af faglegri vinnu Rannsóknarnefndar Alþingis. Finna þarf sambærilega aðila til að vinna við að skýra málefni gengistryggðra lána. Það þarf að vinna hratt enda eru hagsmunir tugþúsunda heimila og fjölmargra fyrirtækja í húfi. Við teljum að skoða þurfi gengistryggingu fyrst – enda er búið að dæma hana ólögmæta. Annað þyrfti að skoða í framhaldinu.

Lausn á þessum málum mun að öllum líkindum létta byrðum af heimilum og auka ráðstöfunartekjur þeirra. Það eitt og sér ýtir undir neyslu, fjárfestingu og hagvöxt, auk þess að draga úr atvinnuleysi. Það er einnig mikilvægt að fyrirtækin þekki stöðu sína áður en gengið er til kjarasamninga.“

Frekari upplýsingar veitir:

Almar Guðmundsson, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda í s. 618-2898